

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 28. júní 2002

Jónmundur Guðmarsson

Góðir fundargestir.

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað 14. nóvember 2001 í Reykjavík af ríkinu og 26 sveitarfélögum í þeim tilgangi að reka sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir landið allt. Forsaga málsins er ykkur vel kunn en hér er aðeins ætlunin að rekja helstu atburði í sögu félagsins frá stofnun þess.

Á aðalfundinum var kosin fjögurra manna stjórn og sitja í henni tveir fulltrúar ríkis og jafn margir fulltrúar sveitarfélaga. Endurspeglaði þetta kjör eignarhlutföll í félaginu, þar sem menntamálaráðuneytið fer með hlut ríkissjóðs sem nemur rúmum helmingi hlutfjárins, en sveitarfélög eiga afganginn.

Eitt fyrsta verk stjórnarinnar var að auglýsa eftir framkvæmdastjóra fyrir fyrirtækið og var dr. Árni Sigurjónsson ráðinn í það starf í febrúar síðastliðnum. Tók hann þegar til starfa.

Frá 1. júlí 2001 höfðu þrír bókasafnsfræðingar unnið að undirbúningi landskerfisins og höfðu vinnuáðstöðu hjá Borgarbókasafninu í Reykjavík. Í apríl gerði félagið ráðningarsamninga við þessa starfsmenn. Þá var stigið stórt skref í rekstrinum þegar gerður var leigusamningur um húsnæði við Nýherja í Borgartúni 37 í Reykjavík. Var starfsemin, sem áður var á þremur stöðum, flutt þangað í byrjun apríl og um sama leyti útvegaður nauðsynlegur skrifstofubúnaður fyrir reksturinn. Auk skrifstofurýmis leigir fyrirtækið hlutdeild í kennslustofu af Nýherja, sem er nauðsynlegt því hlutverk Landskerfisins er m.a. að þjálfa bókaverði í notkun kerfisins á næstu mánuðum.

Í maí 2001 festi menntamálaráðuneytið kaup á Aleph 500 bókasafnskerfinu frá ExLibris fyrir hönd fyrirtækisins sem þá var enn óstofnað. Kostaði kerfið um 71

milljón króna og hefur Landskerfi bókasafna hf. tekið við kerfinu í reynd og mun ganga inn í samninginn um það innan skamms. Í desember lauk útboði vegna hýsingar þessa kerfis, sem Ríkiskaup annaðist og í febrúar var ákveðið að ganga til samninga við ANZA hf. um hýsinguna. Kerfisreksturinn af hálfu ANZA hófst í byrjun maí, en formlegur samningur um hann var undirritaður á Akureyri 15. júní síðastliðinn, að viðstöddum Tómasi Inga Olrich, menntamálaráðherra og Kristjáni Júlíussyni, bæjarstjóra á Akureyri. Hýsingin er kostnaðarsöm, en hún felur ekki aðeins í sér umsjón með vélbúnaði, heldur einnig leigu á búnaðinum sjálfum. Er hér um að ræða öflugustu Unixvélar sem Nýherji hefur flutt inn til þessa. Þær eru reyndar fjórar talsins og eiga tvær að hýsa prófunarumhverfi svokallað, en tvær hinar meiri hýsa sjálft rekstrarumhverfið eða það bókasafnskerfi sem verður í almennri notkun, og verður uppsetning búnaðarins með þeim hætti að í hvoru umhverfinu um sig eru gögn geymd á annarri vélinni en sjálft bókasafnskerfið á hinni. Standa þessar vélar í kerfisrými ANZA á Akureyri og eru tengdar með ljósleiðurum við höfuðstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík. Þess má geta að gert er ráð fyrir að kerfið geti annað allt að 600 notendum samtímis og að rekstrarrof nemi ekki meira en um það bil 1 klukkustund á mánuði á þjónustutíma.

En fleiri þættir varða innleiðingu en kaup og hýsing á kerfinu. Þar er meðal annars um að ræða að kenna þarf á kerfið, þýða það, aðstoða söfn við að tengjast því, gera rekstrarsamninga við söfn eða eigendur þeirra og að færa gögn úr eldri kerfum í hið nýja. Hvað kennslu varðar má nefna að þegar hafa nokkur námskeið verið haldin hjá Landskerfi bókasafna, og eru þau hluti af samningi við hugbúnaðarsalann. Þar hafa lykilstarfsmenn ýmissa safna fengið tilsögn frá færum, erlendum leiðbeinendum, og er gert ráð fyrir að þessir starfsmenn geti síðar sagt öðru safnafólki til, þó að kennsla verði í meginatriðum í höndum starfsmanna Landskerfis bókasafna.

Um yfirfærslu gagna er það að segja að hún er vandlega skipulögð. Flutt eru gögn úr einu kerfi í einu og er byrjað á Gegni, kerfi sem Landsbókasafnið-Háskólabókasafn notar ásamt nokkrum öðrum. Er stefnt að því að yfirfærslu Gegnis ljúki í ágúst og að þar með verði hægt að opna kerfið almenningi í september. Næst kemur svo röðin að söfnum sem nota Feng, en það eru Borgarbókasafnið í Reykjavík og tugir annarra safna. Er vonast til að þeirri yfirfærslu ljúki í byrjun næsta árs. Þá kemur svo röðin að þeim söfnum sem nota önnur kerfi og ef allt gengur að óskum verða þau söfn öll komin í þetta mikla sameyki um mitt ár 2004.

Um fjárhagslega afkomu Landskerfisins ætla ég ekki að fjölyrða enda mun framkvæmdastjórinn víkja að því efni í sínu máli. Þó má nefna að endurskoðandi fyrirtækisins taldi rétt að líta svo á að rekstur hafi enginn verið á árinu 2001 og að útgjöld sem þá féllu til geti með réttu talist stofnkostnaður og þess vegna koma þau aðeins við sögu í efnahagsreikningi. Hluthafar fengu reikninginn sendan með fundarboði á aðalfund og gefst mönnum kostur á að ræða hann hér á eftir.

Ég held að meðan samstaða eigenda er jafn góð og verið hefur sé bjart framundan hjá þessu unga fyrirtæki. Þegar bókasafnakerfið verður komið í fulla notkun munu menn sannfærast um að rekstur þess er hið þarfasta mál og raunar nauðsynjamál í íslensku samfélagi sem hefur sýnt að það vill nýta sér upplýsingatækni í þágu menntunar og framfara.

Fyrir hönd stjórnar,

Jónmundur Guðmarsson
stjórnarformaður